

Ársskýrsla Fjölbrautaskólans við Ármúla 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	3
Nemendur flokkaðir eftir brautum	5
Nemendafjöldi eftir kynjum	6
Meðalaldur nemenda eftir brautum og kyni	7
Nemendur með annað móðurmál en íslensku	8
Ársmemendur	9
Brautskráðir nemendur árið 2016	9
Nám	9
Sérnámsbraut	9
Heilbrigðisskólinn	9
Almenn námsbraut – stoðþjónusta	10
Bóknám	11
Starfsfólk, kennsla og stjórnun	11
Fundir	11
Fjármál og rekstur 2016	12
Samstarf Ætti ekki að nefna hér Áfram-verkefnið, þ.e. samstarf við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háleitis, og Grettistak?	12
Mat	13
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis	13
Framkvæmd markmiða skólasamnings	14
Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat	14
Annað	15
Húsnæðismál	15
Umhverfisstefna	15
Heilsueflandi framhaldsskóli	15
Jafnréttisstefna	16
Sjálfbærnistefna	16
Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneytið	17
Lokaorð	17

Inngangur

Meginhlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, hafa lýðræði að leiðarljósi, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda. Skólafarið byggist á því að hver nemandi finni sér nám við hæfi og geti stundað það á eigin námshraða. Nám er vinna og á að fela í sér áskoranir bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er áfangaskóli og kjarnaskóli heilbrigðisgreina. Í skólanum er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á fimm bóknámsbrautum auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn býður upp á nám á sex brautum á heilbrigðisviði auk framhaldsnáms á fjórða þrepi fyrir sjúkraliða og lyfjatækna. Nemendur geta hafið nám í Grunnnámi heilbrigðisgreina þar sem allt nám á heilbrigðisviði er kynnt og nýtist námið óháð því hvað námsleið verður fyrir valinu. Almenn námsbraut er starfrækt við skólann og fá nemendur brautarinnar mikinn stuðning við nám sitt. Auk þess er við skólann tveggja ára nám á nýsköpunar- og listabraut. Í FÁ er stór hópur nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í skólanum er sérnámsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. FÁ rekur öflugt fjarnám og geta nemendur stundað fjarnám samhliða dagskóla.

Fjölbreytni í námsvali laðar að fjölbreyttan nemendahóp og er stefna skólans að sinna hverjum og einum nemanda á sem bestan hátt. Fjölbreytni í námsvali þýðir val um bóknám kjarnagreina eða starfsnám heilbrigðisgreina sem er í samræmi við kröfur og þarfir samfélagsins hverju sinni. Fjölbreyttur nemendahópur nemenda af öllum getustigum, nemendur af mismunandi þjóðerni, nemendur úr dreifbýli og þéttbýli og nemendur á öllum aldri. Nemendur með ólíkan bakgrunn eiga að geta sótt sér menntun við hæfi. Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá grunnskólaaldri upp í tæplega sjötugt. Á haustmisseri 2017 stunduðu rúmlega 2000 nemendur nám við skólann, þ.e. í dagskóla og fjarnámi. Starfsmenn skólans voru rúmlega eitt hundrað, þar af rúmlega 70 fastráðnir kennarar.

Nemendur

Nemendum í FÁ hefur fækkað frá 2012 og skýrist það í samdrætti í fjarnámi og fækkun nemenda í dagskóla. Hér að neðan eru upplýsingar um fjölda nemenda í dagskóla frá 2013-2017.

Fjöldi nemenda í dagskóla haust og vor 2013-2017.

	2013		2014		2015		2016		2017	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjöldi nem.	969	1012	1008	1026	985	907	862	897	825	982

Tafla 1 Tölur fengnar úr Innu.

Fækkun nemenda í dagskóla er í takt við fækkun nýnema sem koma beint í grunnskóla.

Þróun í innritun nýnemenda að hausti frá 2012-2017.

Ár	Karlar	Konur
2012	76	68
2013	72	69
2014	52	49
2015	50	55
2016	37	41
2017	51	48

Tafla 2 Hér er stuðst við fjölda nemenda með námsstöðu „Nýnemi“ í Innu, þ.e. nemendur sem koma að loknu grunnskólanámi í framhaldsskóla.

Aðsókn að fjarnáminu jókst stöðugt fram til ársins 2010 en það ár var fjarnámið skert að tilmælum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá haustönn 2014 hefur aðsókn verið stöðug. Skólinn hefur verið í fararbroddi þegar kemur að þróun og framboði á fjarnámi og því mikilvægt fyrir skólann að bjóða upp á fjölbreytt framboð áfanga í fjarnámi því kennsluformið er þarft og mikil eftirspurn eftir því. Skólinn hefur lagt áherslu á að bjóða ákveðnar starfsnámsbrautir á heilbrigðissviði í fjarnámi, t.d. lækna- og heilbrigðisritaranám auk almennra greina á öðrum heilbrigðisbrautum.

Aðsókn í fjarnám 2012-2017.

	Heildar-skráningar (einstakl.)	Skráðir til prófs	Hlutfall til prófs	Ársnemar
Haust 2012	1536	2950	64,5%	156
Vor 2013	1464	2721	65,5%	146
Sumarönn 2013	602	1024	66,6%	56
Haust 2013	1329	2384	68,8%	123
Vor 2014	1365	2689	63,6%	139
Sumarönn 2014	674	1158	61,1%	56
Haust 2014	1262	2445	62,5%	125
Vor 2015	1272	2559	68,0%	130
Sumarönn 2015	524	905	59,7%	44
Haust 2015	1301	2410	65,4%	132
Vor 2016	1268	2381	63,5%	130
Sumarönn 2016	575	993	63,9%	52
Haust 2016	1258	2341	58,5%	116
Vor 2017	1224	2337	61,1%	121
Sumarönn 2017	640	1152	60,0%	58
Haust 2017	1364	2691	63,0%	140

Tafla 3 Fjöldi skráðra til prófs og hlutfall til prófs fengið úr Innu (gögn til MMR). Heildarskráningar og fjöldi ársnema er fenginn úr bókhaldi fjarnáms.

Nemendur flokkaðir eftir brautum

Nemendur skólans, flokkaðir eftir brautum og kyni frá 2013-2017. Ný námskrá var innleidd á haustönn 2015 og eru gömlu brautarheitin í sviga.

Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2013–2017 greind eftir kynjum.

Braut (skst.)	Námsbraut	2013		2014		2015		2016		2017	
		kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
AN	Almenn námsbraut	41	37	52	51	33	56	41	50	52	46
FÉ15 (FÉ)	Félagsfræðibraut	149	158	153	123	99	123	114	134	102	141
FSB	Framhaldsskólabraut	29	21	25	18	14	16	6	9		
GH15	Grunnnám heilbrigðisgreina							5	11	3	24
HBR15 (HM)	Heilbrigðisritarabraut		17		17		9		8		8
HV15 (MB)	Hugvísindabraut (málabraut)	29	55	19	46	10	40	19	38	22	36
ÍHB17	Íþrótt- og heilsabraut									32	11
LT15 (LT-)	Lyfjatæknabraut	4	37	1	38	1	20	3	20	3	16
LT2	Framhaldsnám lyfjatækna										
LÆ	Læknaritarabraut		10		5		7		6		7
NÁ15 (NÁ)	Náttúrufræðibraut	63	60	77	65	63	60	65	48	66	45
NF	Námsbraut fyrir fótaaðgerðafræðinga		1		5		1				
NL15 (NL)	Nýsköpunar- og listabraut	18	18	24	14	29	15	23	13	26	26
NN15 (NN1)	Heilsunuddbraut	23	60	19	59	20	41	17	48	19	39
NST	Námsbraut fyrir sóttþreinsitækna						19				13
ÓTN	Ótilgreint nám		1		6	1	1	1			1
SJ15 (SJ1)	Sjúkraliðabraut	3	71	4	71	8	69	2	54	4	46
SJ2/SJ4/SJ5	Framhaldsnám sjúkraliða			1	18	1	17		9		8
SJB	Sjúkraliðabré		3		2		4		2	1	19
SN	Sérnámsbraut	21	10	23	7	25	6	22	9	25	8
TT15 (NAT)	Tanntæknabraut		42		30		33	1	30	1	27
VH15 (VH)	Viðskipta- og hagfræðibraut	31	24	35	25	28	19	29	24	29	18
VI	Viðskipta- og skrifstofubraut	2	2	1	1						
VSS15 (VSS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	5	1	4	2	6	3	7	6	3
Alls:		415	632	435	605	334	562	351	520	391	542

Tafla 4 Nemendatölur eru frá 6.9.2013, 9.9.2014, 17.9.2015, 6.9.2016 og 21.9.2017.

Nemendum á heilbrigðisbrautum hefur fækkað úr 28,0% á haustönn 2015 í u.þ.b. 25,5% á haustönn 2017. Að sama skapi hefur nemendum á bóknámsbrautum fjölgað. Afar mikilvægt er að bregðast við þessari þróun og fjölga nemendum í heilbrigðisgreinum með öllum tiltækum ráðum.

Skipting dagskólanemenda eftir bók- og starfsnámi

Bók- og starfsnám	Haust 2015	%	Haust 2016	%	Haust 2017	%
Bóknámsbrautir	539	60,3%	572	65,7%	609	65,3%
Heilbrigðisbrautir	250	28,0%	216	24,8%	238	25,5%
Starfsnámsbrautir	74	8,3%	51	5,9%	52	5,6%
Sérnámsbrautir	31	3,5%	31	3,6%	33	3,5%
	894	100,0%	870	100,0%	932	100,0%

Tafla 5

Nemendafjöldi eftir kynjum

Skipting milli kynja hefur verið svipuð á síðustu árum og eru konur í dagskólanum í miklum meirihluta.



Mynd 1 Skipting dagskólanemenda eftir kyni.

Meðalaldur nemenda eftir brautum og kyni

Meðalaldur nemenda í dagskóla var 22,7 ár á haustönn 2017 sem er svo sem engin breyting frá haustönn 2016 þegar meðalaldurinn var 22,8 ár. Töluverður aldursmunur er á milli kynja þar sem konur eru að meðaltali 24,7 ára og karlar 19,9 ára. Skýrist þetta aðallega á háum meðalaldri nemenda á heilbrigðisbrautum sem er 31,0 ár þar sem meirihluti nemenda eru konur. Meðalaldur nemenda á bóknámsbrautum var 19,9 ár og hefur hann lækkað markvert frá haustönn 2016 þar sem hann var 20,4 ár. Enginn marktækur munur var á milli kynja á bóknámsbrautum.

Meðalaldur nemenda á haustönn 2017 eftir brautum og kyni.

Brautir	kk	kvk	alls
Bóknám	19,7	20,2	19,9
Heilbrigðisskólinn	23,9	32,0	31,0
Sérnámsbrautir	17,5	17,5	17,5
Starfsnám	18,5	20,6	19,6
Viðbótarnám til stúdentsprófs	23,8	32,7	26,8
Meðalaldur	19,9	24,7	22,7

Tafla 6 Nemendatölur frá 21.9.2017

Meðalaldur nemenda við útskrift á haustönn 2017 var 27,7 ár og var hann töluvert lægri en á haustönn 2016 sem var 29,2 ár. Töluverður aldursmunur er á bóknámsbrautum 22,9 ár og á heilbrigðisbrautum 38,7 ár.

Aldur við útskrift á haustönn 2017 eftir brautum og kyni.

Bóknám/starfsnám	Karl	Kona	Alls
Bóknám	23,3	22,6	22,9
Heilbrigðisskólinn	32,0	39,2	38,7
Starfsnám	21,7	22,7	22,2
Viðbótarnám til stúdentsprófs	29,5	31,7	31,5
Meðalaldur útskriftanema	24,0	29,4	27,7

Tafla 7 Nemendatölur úr INNU.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Á haustönn 2017 voru 106 nemendur með annað móðurmál en íslensku eða rúmlega 11% nemenda skólans. Flestir koma frá Póllandi (34) en þar á eftir koma nemendur frá Víetnam (11) og Arabíulöngum (8).

Móðurmál	Haustönn 2016	Haustönn 2017
Albanska	1	2
Arabíska	4	8
Búlgarska	1	1
Danska		2
Dari		1
Eistneska	1	
Enska	2	3
Filippseyk mál	10	6
Franska	2	2
Grænlenska	1	
Hollenska		1
Indónesíska	1	1
Kínverska	2	2
Lettneska	1	2
Litháíska	5	2
Norska	1	1
Persneska	2	3
Portúgalska	4	3
Pólska	21	34
Rúmenska		2
Rússneska	2	2
Serbneska	1	3
Sómalska		1
Spænska	7	7
Tælenska	2	3
Ungverska	1	
Úkraínska	1	1
Víetnamska	11	11
Þýska	1	2
Alls	85	106

Tafla 8 Nemendur með annað móðurmál en íslensku á haustönn 2016 og 2017

Ársmemendur

Tölur yfir prófaða ársnemendur í FÁ fjárlagaárið 2017 eru þessar:

Vor	249
Vor fjar	121
Sumar fjar	58
Haust	290
Haust fjar	140
Sérkennsla	32
Samtals	890

Tafla 9 Ársmemendur á fjárlagaári 2017

Skólinn fékk greitt fyrir 889 ársnema í fjárlögum og skilaði 890.

Brautskráðir nemendur árið 2017

Frá árinu 2010 hafa nemendur skólans verið brautskráðir í hátíðarsal skólans. Samtals voru brautskráðir frá skólanum 240 nemendur á árinu. Þeir skiptast þannig eftir námsbrautum: 16 heilsunuddarar, 1 heilbrigðisritari, 5 lækningararar, 25 sjúkraliðar, 14 tanntæknar, 8 úr framhaldsnámi sjúkraliða, 1 sóttþreinsitæknir. 3 sérdeildarnemar, 59 stúdentar af félagsfræðibraut, 10 stúdentar af málabraut, 36 stúdent af náttúrufræðibraut, 15 stúdentar af viðskipta- og hagfræðibraut, 39 stúdentar með viðbótarnám að loknu starfsnámi og 9 af nýsköpunar- og listabraut.

Nám

Sérnámsbraut

Á sérnámsbraut stunda 32 nemendur nám. Við brautina starfa 5 sérkennarar, 3 þroskaþjálfar, 9 stuðningsfulltrúar (2 í 100% stöðum, 5 í 75% og 1 í 60%) auk kennslustjóra í 35% starfi.

Kennsla á brautinni fer fram í þremur kennslustofum.

Í suðurálmú skólans eru tvær kennslustofur. Þar eru við nám 16 nemendur með fötlunargreiningu. Þeir nemendur þurfa mikla aðstoð við nám og aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Í miðrými skólans er ein kennslustofa. Þar eru við nám 15 nemendur sem allir hafa fötlunargreiningu og eru á ýmsan hátt sjálfstæðari en þurfa töluverða aðstoð við nám og sumar daglegar athafnir. Nokkrir nemendur brautarinnar sækja að hluta til í almenna áfanga.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir alla nemendur í byrjun haustannar og endurskoðuð í byrjun vorannar. Námsmat fer að mestu leyti fram með símati og samantekt er í lok námsanna. Mikið og stöðugt foreldrasamstarf er í gangi yfir allt skólaárið, auk samstarfs við tengslastofnanir og sérfræðinga sem tengjast nemendahópnum.

Heilbrigðisskólinn

Kennslustjórar heilbrigðisskólans hafa lokið við vinnu við nýja námskrá heilbrigðisskólans sem allar hafa verið samþykktar. Á vorönn 2016 hófst framhaldsnám sjúkraliða sem starfa á skurðlæknastofum. Námið er á fjórða þrepi framhaldsskólans. Kennslan fer fram í FÁ og á Landspítalanum. Hópurinn útskrifaðist haustið 2017. Heilbrigðisskólinn vinnur náið með fagfélögum heilbrigðisgreina og heilbrigðisstofnunum að þróun náms og er slíkt samstarf afar dýrmætt fyrir skólann og starfsfólk hans.

Almenn námsbraut – stoðþjónusta

Nemendur á almennri námsbraut fá mikinn stuðning við nám sitt. Kennslustjóri hefur yfirumsjón með almennri námsbraut og eru að jafnaði um 100 nemendur á brautinni. Í lok hveðrar annar eru 15-20 nemendur sem flytjast að jafnaði yfir á stúdentsbrautir.

Á haustönn 2017 voru tæplega 90 nemendur frá hátt í 30 þjóðlöndum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Kennslustjóri nýbúa hefur yfirumsjón með deildinni. Fjórir kennarar koma að sérstökum stuðningi við innflytjendur ásamt námsráðgjöfum og þeim stendur til boða fjölbreytt námsaðstoð.

Skráðir nemendur í skólanum með dyslexiugreiningu og aðrar greiningar um sértækan námsvanda voru tæplega 90 á haustönn 2017 og heldur kennslustjóri sértækra námsúrræða utan um hópinn.

Kennslustjóri er ráðgefandi aðili nemenda, foreldra og kennara. Nemendur fá sérhæfðan stuðning, t.d. til við að átta sig á hvernig styrk- og veikleikar viðkomandi birtast í námi og hvernig viðkomandi getur brugðist við. Einnig er boðið upp á skimun/greiningu, stoðkennslu og sérúrræði í lokaprófum. Mikilvægt er að geta aukið svigrúm slíkrar þjónustu í nánustu framtíð.

Samvinna er á milli kennslustjóra og kennara um nám og námsframvindu nemenda. Kennarar skólans taka mið af einstaklingsbundnum þörfum nemenda eins og kostur er. Lögð er áhersla á að kennarar skólans beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsmati til að mæta fjölbreytileika nemendahópsins.

Þrjú náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann í 2,5 stöðugildi og sinna víðtækri þjónustu við nemendur enda nemendahópurinn fjölbreyttur. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er sinnt í gegnum ráðgjöf, námskeiðahald, opna viðtalstíma, kynningar, o.fl. Aðsókn í opna viðtalstíma er mikil og eru tímarnir vel nýttir. Auk þess eru í boði stutt námskeið fyrir nemendur um námstækni, kvíða, o.fl. sem á við sem styrkir nemendur í námi. Náms- og starfsráðgjafar fara einnig inn í víska áfanga þar sem þeir eru með fræðslu, t.d. í lífsleikni og LOK-áföngum.

Tveir bókasafns- og upplýsingafræðingar starfa við bókasafn skólans í einu og hálfu stöðugildi. Það er vel nýtt af nemendum og býr við góðan safnkost, einkum og sér í lagi í heilbrigðisgreinum.

Bóknám

Bóknámsbrautir skólans eru félagsfræðabraut, hugvísinda- og málabraut, náttúrufræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut og íþróttá- og heilbrigðisbraut. Kennsla á þriggja ára stúdentsbrautum hófst haustið 2015 samkvæmt nýrri námskrá brauta. Námsbrautirnar fóru í gegnum staðfestingarferli hjá Menntamálastofnun og Mennta- og menningarmálaráðuneyti og hafa verið staðfestar. Á bóknámsbrautum dagskólans voru nemendur tæplega 600 og var tæplega helmingur þeirra skráður á félagsfræðabraut. Náttúrufræðibraut er næststærst, síðan málabraut/hugvísindabraut og loks viðskipta- og hagfræðibraut. Íþróttá- og heilbrigðisbraut er ný braut og þar fer nemendum fjölgandi. Auk þess er boðið upp á nám á lista- og nýsköpunarbraut sem er tveggja ára starfsnámsbraut og hefur verið í boði frá hausti 2013.

Starfsfólk, kennsla og stjórnun

Starfsmenn skólans eru 104 og eru konur í miklum meirihluta eða 68% en karlar 32%. Meðalaldur starfsmanna er rúm 50 ár og er sami meðalaldur hjá körlum og konum. Fjöldi fastráðinna kennara var rúmlega 70 sem starfaði við skólann, þrír þroskaþjálfar, tveir bókasafns- og upplýsingafræðingar, bókari, fjármálastjóri, 8 stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður fasteigna, umsjónarmaður ljósritunar og tveir fulltrúar. Lítil endurnýjun starfsfólks er á milli ára sem gefur vísbendingar um að starfsfólki líði ákaflega vel á vinnustaðnum. Allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi og leyfisbréf framhaldsskólakennara.

Við skólann starfa sjö stjórnendur, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, gæðastjóri (50% starf), sviðstjóri bóknáms (frá hausti 2017) og fjármálastjóri. Starf kennslustjóra bóknámsbrauta var lagt niður á haustönn 2017 og ráðnir deildarstjórar faggreina og starf sviðsstjóra bóknáms var stofnað. Þrír kennslustjórar sinna heilbrigðisgreinum. Auk þess eru starfandi kennslustjórar fyrir sértæka námsörðugleika, nýbúa, almenna námsbraut. Allir kennslustjórar eru í hlutastarfi og sinna kennslu með starfi. Hlutfall starfa þeirra er frá 20-65%.

Að jafnaði eru kenndir tæplega 200 áfangar í dagskóla á vorönn og haustönn og í fjarnámi eru í boði tæplega 100 áfangar hvora önn. Auk þess er fjarnám í boði á sumarönn þar sem fjöldi áfanga er 25-30. Í dagskóla er miðað við að hópastærðir fari ekki yfir 28 nemendur en í fjarnámi geta fjölmennustu áfangarnir verið með 80 nemendur. Vinsælustu áfangarnir í fjarnámi eru enska og íslenska.

Fundir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, fjármálastjóri, gæðastjóri og sviðsstjóri bóknáms funda vikulega á mánudagsmorgnum. Skólameistari, auk fleiri stjórnenda, funda reglulega með kennslustjórum heilbrigðisgreina og deildarstjórum, stjórnendum stoðdeilda og námsráðgjöfum. Fundað er reglulega í skólaráði og a.m.k. einu sinni til tvisvar á önn í skólanefnd. Almennir starfsmannafundir, þar með taldir skólafundir þar sem nemendum er boðin þátttaka, eru fjórir til fimm á önn. Á hverri vorönn stendur skólinn fyrir ráðstefnu fyrir starfsfólk þar sem kennslufræðileg málefni eru tekin fyrir.

Fjármál og rekstur 2017

Skólinn var rekinn með tæplega 10 milljóna rekstraafgangi á árinu 2017.

Skýring	2014	2015	2016	2017
Framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum	814.700.000	928.400.000	1.022.800.000	1.178.560.717
Aðrar tekjur	252.703.973	238.905.964	228.703.250	143.503.611
Tekjur samtals	1.067.403.973	1.167.305.964	1.251.503.250	1.322.064.328
Laun	851.415.623	959.507.987	1.037.422.184	1.110.278.559
Önnur gjöld	195.638.147	201.754.370	214.640.808	201.945.444
Gjöld alls	1.047.053.770	1.161.262.357	1.252.062.992	1.312.224.003
Afkoma ársins	20.350.203	6.043.607	-559.742	9.840.325

Tafla 10 Fjármál og rekstur 2017

Í fjármálaáætlun ríkisins á næstu árum er gert ráð fyrir fækkun ársnemenda. Nýtt reiknilíkan mun taka gildi á komandi misserum og ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á rekstarafkomu skólans.

Samstarf

Skólinn er í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur og nokkra grunnskóla auk samstarfs við aðra framhaldsskóla um þróun náms. Samstarf við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háleitis (Áfram-verkefnið) og, og Grettistak. Mikið samstarf er við Landspítalann, heilbrigðisstofnanir og stéttafélög heilbrigðisgreina vegna náms í heilbrigðisgreinum. Skólinn hefur verið í öflugum alþjóðlegum samstarfi á síðasta ári og er það stefna skólans að viðhalda því. Tveimur verkefnum lauk á árinu, Erasmus+ skólasamstarfsverkefninu European School Web TV og Nordplus Junior samstarfsverkefninu við fjarnámsskóla í Ríga í Lettlandi. Áfram tók skólinn þátt í tveimur Erasmus+ skólasamstarfsverkefnum: Think, Act, Work Sustainable í samstarfi við skóla frá Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi og Sustainable Europe 2030 í samstarfi við skóla frá Frakklandi, Portugal, Tékklandi og Þýskalandi, og í tveimur Nordplus Junior verkefnum í samstarfi við Dalane Skole í Egersund, Noregi. Fimmtán nemendur og tveir kennarar fóru á haustönninni í vikuférfé til Noregs til að kynna sér jarðfræði svæðisins. Fimm kennarar sóttu á vorönninni Euroclio ráðstefnuna í San Sebastian á Spáni og á haustönninni sóttu fimm starfsmenn kennsluráðstefnu í nýja kennsluhætti í Prag í Tékklandi. Þrjú nemendur í heilbrigðisgreinum fóru í eins mánaðar starfsnám til Danmerkur og tveir kennara Heilbrigðisskólans heimsóttu á haustönninni skóla og heilbrigðisstofna í Danmörku og Noregi. Samstarfið við Umhverfisstofnun hélt áfram á síðasta ári og tóku nemendur á vegum skólans þátt í Grænu vikunni síðustu helgina í ágúst. Margir erlendir gestir heimsóttu skólann á árinu og dvöldu hér í styttri eða lengri tíma.

Mat

Námskrá skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Úr hverjum kafla eru svo tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Texti námskrárinnar er almennur og stuttur og tryggir rafræn birting auðvelt aðgengi að honum. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.). Í námskrá skólans er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind og krækja í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. til næstu ára. Kennslumat fer fram á hverri önn þar sem nemendum gefst tækifæri til að meta kennslu og nám.

Allar niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta lagðar fram.

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknnum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Úttekt á starfsemi skólans fór fram á vorönn 2017. Matsaðilar voru Bragi Guðmundsson prófessor við Háskólann á Akureyri og Trausti Þorsteinsson dósent við Háskólann á Akureyri. Í samræmi við matsviðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis var skipuð 11 manna sjálfmatsnefnd með fulltrúum allra hópa innan og utan skólans. Í nefndinni voru tveir nemendur, þrír kennarar, einn kennslustjóri, einn náms- og starfsráðgjafi, einn fulltrúi þjónustusviðs, einn fulltrúi stjórnenda, formaður foreldrafélags skólans auk gæðastjóra sem stýrði fundunum. Tveir fundir voru haldnir og voru nefndarmenn ekki alltaf sammála í mati sínu en í samræðum kom nefndin sér saman um sameiginlega niðurstöðu.

Heildarniðurstöður matsins eru jákvæðar. Skólinn er sagður vera með skýra sýn og stefnu, skipulagið er í nokkuð föstum skorðum, húsnæði er fullnægjandi, félagsaðstaða nemenda er talin vera fullnægjandi miðað við þá starfsemi sem nú fer fram, almenn ánægja ríkir með vinnuaðstöðu starfsmanna og samheldni einkennir starfsmannahópinn. Í umsögn matsaðila koma fram styrkleikar og veikleikar fimm þátta skólastarfs: stjórnunar og skipulags, kennslu og námsframboðs, samskipta og líðanar, skólahúsnæðis og aðbúnaðar, og lykilárangurs.

Sjálfmatsnefndin fékk niðurstöður úttektarinnar og kom saman í byrjun haustannar 2017 til að fjalla um matið. Nefndin gerði athugasemdir við mat úttektaraðila og lagði fram tillögur til umbóta. Niðurstöður úttektarinnar, umsagnir matsaðilanna svo og athugasemdir sjálfmatsnefndarinnar við einstaka matsþætti eru aðgengileg á heimasíðu skólans.

Framkvæmd markmiða skólasamnings

Skólinn setti sér ný markmið í skólasamningi á árinu 2017.

Sjálfbærnefnd fundaði mánaðarlega og er aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum aðgengileg á heimasíðu skólans. Áfram var haldið að greina ástæður brotthvarfs skv. samræmdum atriðalista MMR. Markmiðinu að viðhalda styrk FÁ í fjarnámi var fylgt eftir með því að bjóða upp á kynningar á námsumsjónarkerfi í upphafi annar. Því markmiði að halda rekstri skólans innan fjárheimildar var reynt að fylgja eftir með aðgerðum til hagræðingar á öllum sviðum skólastarfs. Þátttakan í kennslumati á haustönn 2017 var 47% og er þetta töluerð bæting frá vorönninni þar sem svarhlutfallið var einungis 40%. Markmiðinu að fjölga tækifærum nemenda og starfsmanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi var fylgt eftir með þátttöku í mörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Markmiðinu að bjóða upp á öfluga stoðþjónustu við nemendur var fylgt eftir og geta nemendur ætíð gengið að námssetri þar sem hægt er að sækja sér aðstoð í flestum námsgreinum. Aðstoðin er mönnum af kennurum og nemendum sem eru á lokasprettinum í námi. Auk náms- og starfsráðgjafar er boðið upp á stoðþjónustu fyrir nemendur af erlendum uppruna og fyrir nemendur sem njóta sértækra úrræða.

Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat

Tímasett úrbótaáætlun eftir sjálfsmat er komin til framkvæmda. Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2017/2018 eru aðgengilegar í sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans. Á vorönn 2013 var byrjað að greina brotthvarf nemenda og niðurstöður færðar í staðlaðan gagnagrunn ráðuneytis. Nú liggja fyrir niðurstöður brotthvarfsgreiningar fyrir vor- og haustönn 2017. Niðurstöður viðhorfakannanna og starfsánægjumats eru hafðar til viðmiðunar í umbótastarfi. Dráttur hefur verið í að innleiða fleiri þætti gæðakerfis. Er ástæðan m.a. vinna við ytri úttektina á vorönn 2017. Verður aukinn kraftur settur í innleiðingu gæðamats á vorönn 2018. Heimasíða skólans hefur verið virk og fjöldi fréttabirst í hverri viku. Vefumsjónarkerfið var uppfært og nýr vefur tekinn í notkun á vorönn 2017. Fésbókarsíða skólans nýtur vaxandi vinsælda. Foreldrar fengu reglulega upplýsingar frá skólameistara um skólastarfið í tölvupósti.

Annað

Húsnæðismál

Eldra húsnæði FÁ er um 5400 m² og nýbyggingin um 2900 m². Aðalbygging skólans er því um 8300 m². Nýbygging skólans hefur skipt sköpum fyrir allt skólastarf, ekki síst fyrir félagslíf nemenda. Með tilkomu nýbyggingarinnar rúmar skólinn um 1100 nemendur í dagskóla en í náinni framtíð verða nemendur 800-900 í dagskóla og fer því vel um alla. Unnið hefur verið að endurbótum innanhúss sem utanhúss síðustu síðustu misseri í góðu samstarfi við Fasteignir ríkisins. Má fullyrða að fáir framhaldsskólar státi af jafn glæsilegu umhverfi og húsnæði og FÁ býr við.

Umhverfisstefna

Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur hlutverk sitt alvarlega þegar kemur að umhverfismálum og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Umhverfisfulltrúi skólans leiðir starf nemenda og starfsmanna. Skólinn hefur umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi, jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans tekur tillit til sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið en innan skólans er sérstök sjálfbærnefnd sem leysti af hendi umhverfisnefnd. Skólinn hefur verið með Grænfánann frá 2006 og hefur fengið Grænfánann sjö sinnum og er hægt að fullyrða að skólinn er í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum á meðal íslenskra framhaldsskóla. Sérstakt átak er í gangi innan skólans sem nefnist „siðbót“. Útskriftarnemendur stúdentsprófsbrauta halda utan um átakið þar sem lögð er áhersla á að leiðbeina nemendum hvað varðar flokkun á rusli og bæta almenna umgengni í skólastarfinu. Átakið gekk vel og var almenn umgengni nemenda betri en áður.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Á haustönn 2010 var skipaður stýrihópur til að undirbúa þátttöku FÁ í verkefninu *heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum* (Hoff) sem hófst síðan formlega haustið 2011. Landlæknir setti verkefnið formlega af stað á 30 ára afmælishátíð skólans þann 24. september 2011. Hoff verkefnið mun taka fjögur ár og var lögð megináhersla á næringuna fyrsta árið. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, **næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl**, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári. Markmiðið er að upplýsa og virkja nemendur og starfsmenn skólans til að taka þátt. Hafa nemendur tekið þessari nýbreytni vel og aukin áhersla á hollustu og breytta lífshætti fellur vel í mannskapinn. Á haustönn 2013, 2014, 2015, 2016 og 2017 tók skólinn þátt í átaksverkefninu „Hjólum í skólann“ og hefur verið í verðlaunasæti öll árin. Skólinn tekur einnig þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og hafa bæði þessi átök átt þátt í því að nemendum og starfsmönnum sem temja sér umhverfisvænar samgöngur hefur fjölgað en að jafnaði hjóla um 50-60 nemendur og starfsmenn daglega í skólann. Haustið 2015 var starfsfólki boðið að sækja

um samgöngustyrk og fer fjöldi starfsmanna sem nýta sér styrkinn vaxandi. Á haustönn 2017 fengu 28 starfsmenn samgöngustyrk.

Jafnréttisstefna

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 kveður á um að öll fyrirtæki og stofnanir sem eru með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun. Fjölbrotaskólinn við Ármúla er stór stofnun, þar sem yfir 1000 manns eru saman komnir á hverjum degi, nemendur og starfsfólk. Það er því ljóst að málefni sem varða jafnrétti kynjanna hljóta að koma við sögu margsinnis á hverjum degi í slíkri stofnun. Stefnan var endurskoðuð 2016 að frumkvæði jafnréttisfulltrúa en jafnframt var komið á sérstakri jafnréttisnefnd sem starfsfólk skólans skipar. Ný jafnréttisstefna er á vefslóðinni <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir>.

Á síðunni má sjá sérstaka jafnréttisvísa sem gefa til kynna að hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum er hátt og eðlilegt í ljósi þess að konur eru í miklum meirihluta við skólann. Hið sama má segja um nemendur en hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt í nemendaráði skólans.

Sjálfbærnistefna


Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu og skipað sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Í sjálfbærninefnd eiga sæti skólameistari og aðstoðarskólameistari, gæðastjóri, umhverfisfulltrúi skólans, umsjónarmaður skólans, tveir kennarar af bóknámsbrautum, einn kennari sérnámsbrautar, einn kennari heilbrigðisskólans, einn starfsmaður af þjónustusviði og tveir fulltrúar nemenda.

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Stefnunni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði. Sjálfbærninefndin fundaði nokkur skipti á vor- og haustönn 2017. Ekki var gerð ný aðgerðaráætlun fyrir skólaárið 2017/2018.

Stofnun ársins 2018

Skólinn tók að venju þátt í könnun Stofnun ársins. Helstu niðurstöður og samanburður við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki. Skólinn kemur mjög vel út í þessum samanburði (mynd 1).



Mynd 1 Stofnun ársins 2018

Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Skólinn á í reglulegum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skólastjórnendur og fulltrúar ráðuneytisins hittast tvisvar á ári, á vorönn þegar ársskýrslu skólans er skilað og á haustönn þegar sjálfmatskýrslu skólans er skilað og farið er yfir fjármál skólans og stefnu til næstu þriggja ára.

Þessir fundir hafa veitt aðhald og verið stuðningur fyrir báða aðila og hjálplegir við að móta stefnu skólans.

Önnur vinnubrögð litu dagsins ljós á vorönn 2017 þegar fram kom að ráðherra hefði beðið skólameistara Tækniskóla Íslands og Fjölbrotaskólans við Ármúla að kanna kosti og galla þess að sameina þessa tvo stærstu framhaldsskóla landsins. Engin umræða hafði átt sér stað á milli ráðuneytisins og framhaldsskóla um sameiningu framhaldsskóla. Aldrei hafði þessi hugmynd að hagræða í rekstri skólanna með þessum hætti borið á góma á fundum skólastjórnenda með fulltrúum ráðuneytisins.

Eins og kunnugt er var hætt við sameininguna eftir að óháður aðili hafði skilað álitu sínu. Þessi atburðarás hafði tímabundið neikvæð áhrif á líðan starfsmanna og nemenda skólans. Þrátt fyrir þetta benda niðurstöður í könnun „Stofnun ársins“ á að starfsmenn skólans gefa vinnustaðnum mjög góða umsögn.

Lokaorð

Það er ljóst að spennandi áskoranir eru framundan og er aðalbaráttumálið að fjölga nemendum í heilbrigðisgreinum. Það er ljóst að meiri samkeppni ríkir á milli menntastofnana um nemendur og afar mikilvægt að skólinn sé sýnilegur úti í samfélaginu og gildi hans skíni skært, þ.e. fjölbreytni, virðing og árangur. Skólinn mun halda áfram að vinna að eflingu námsbrauta, þróun nýrra námsbrauta með hagsmunasamtökum og atvinnulífinu og styrkja þannig tengslin við samfélagið og þarfir þess. Líkt og fyrri ár mun skólinn leggja áherslu á fjölbreytni í námi og að þjóna fjölbreyttum hópi nemenda með öflugri starfsemi. Vinna nemenda með námi og mikið brotthvarf er viðvarandi áhyggjuefni. Við þurfum að tala meira um þetta, skrifa meira um þetta, eiga samræður við samtök atvinnulífsins. Þegar verið er að bjóða nemendum vinnu, að gerð sé krafa um að þau séu líka í skólanum með vinnunni. Þá erum við komin með þrýsting í hina áttina um að nemendur séu áfram í námi, bæði frá atvinnulífinu og skólanum. Gera kröfu um að þau séu búin að skila einhverju af sér í skóla og fái þá vinnu í leyfum og um sumarið.

Reykjavík, maí 2018

Ólafur Hjörtur Sigurjónsson, skólameistari